

orð tveggja bænda, nábúa hans, sem ritað er á styrkbeiðnina, — og dagsett **58**
 sama dag og styrkurinn er veittur, — um að Filippus sje þurfandi styrksins. **19. júní**
 Þótt það sje aðfinnsluvert, að hreppsnefnd Mjóafjarðarhrepps eigi hefir látið
 reglulega aðsjónargjörð framfara hjá Filippusi, þá verð jeg að vera amtmann-
 inum yfir Norðuramtinu og Austuramtinu samdóma um, að það, að aðsjónar-
 gjörðinni var sleppt í þetta sinni, eigi eptir atvikum ekki að svipta Mjóafjarðar-
 hrepp rjettinum til að fá styrkinn endurgoldinn, einkum þar sem jeg verð að á-
 líta, að með yfirlýsing sinni 12. oktbr. 1898 hafi hreppsnefndin í Leiðvallarhreppi
 hinum forna afsalað sjer rjetti til að synja þess, að taka kröfuna til greina,
 vegna þess að aðsjónargjörð hafi eigi fram farð áður en styrkurinn var veittur,
 enda get jeg eigi betur sjeð en að aðsjónargjörð sú, er fram fór 21. desbr.
 1898 hjá Filippusi, uppfylli skilyrði þau, er sett eru í yfirlýsingunni, og með því
 að dráttur sá, er orðið hefir á máli þessu, eigi virðist vera hreppsnefndinni í
 Mjóafirði að kenna, úrskurdast hjer með, að hinn forni Leiðvallarhreppur endur-
 greiði Mjóafjarðarhreppi hinn umrædda sveitarstyrk, 23 kr.

Jafnframt því að tjá yður þetta, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar,
 og til birtingar fyrir hreppsnefndinni í Leiðvallarhreppi hinum forna, skal jeg
 beiðast þess, að þjer hlutizt til um, að hin umgeta upphæð verði endurgreidd
 Mjóafjarðarhreppi án frekari dráttar.

Brief landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austur- 59
amtinu um borgun til úttektarmanna og virðingar- og skoðunar- 20. júní
manna. Í brjefi, dagsettu 20. apríl þ. á., hafð þjer, herra amtmaður, beiðzt
 úrlausnar miunar á eptirgreindum fyrirspurnum hreppstjórans í Vopnafjarð-
 arhreppi:

1. Eiga hreppstjórar og virðingarmenn dagpeninga við úttektir á jörðum, með-
 an úttektin stendur yfir, og eins á ferðinni til úttektar, og frá henni aftur?
2. Eiga hreppstjórar og virðingarmenn bæði dagpeninga og mlupeninga, og
 eiga þeir 50 aura fyrir mluna hvora leið, eða að eins fyrir mluna fram
 og tilbaka?
3. Eiga hreppstjórar og virðingarmenn 2 kr. fyrir úttektargjörð á jörðu og
 þar fyrir utan dagpeninga, ef gjörðin stendur yfir meira en 10 klukku-
 stundir?
4. Á hreppstjóri 1 kr. fyrir að bóka hverja gjörð, sem hann er viðstaddur?

Um borgun fyrir úttektir segir svo í 8. gr. laga nr. 3, 13. janúar 1882,
 um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk, að hverjum úttekt-
 armanni skuli greiða 2 kr. fyrir hvern dag, sem úttektin stendur yfir, og að
 þóknunin skuli teljast eptir ákvörðuninni í 15. gr. aukatekjureglugjörðar 10. sept.
 1830, en þar er ákveðið, að ef gjörð stendur yfir í eitt skipti (s: sama daginn)
 meir en 8 tíma, megi reikna daginn sem 1½ dag, og hafð þjer tekið fram, að

59 yður virðist eigi heimilt að reikna með tímann, sem gengur til ferðalags til 20. júní framkvæmdar gjörðinni.

Spurningunni um það, hvort úttektarmenn eigi einnig að fá ferðakostnað, milupeninga og dagpeninga samkvæmt 3. gr. nefndra laga, ber að yðar skoðun að svara játandi, með því að hin tiltekna 2 kr. borgun til úttektarmanna sje alveg eins og hin tiltekna borgun til skoðunar- og virðingarmanna, og því í sjálfu sjer eðlilegt, að úttektarmenn, sem í rauninni sjeu virðingarmenn, fái ferðakostnað sinn borgaðan eins og virðingarmenn; í samræmi við þetta standi í hinum danska texta »Mændene«, og þar undir verði úttektarmenn að teljast.

Ferðakostnaðinn eða milupeningana teljið þjer rjett að reikna: 50 a. fyrir hverja milu hvora leið, eða 1 kr. fyrir hverja milu, sem hreppstjóri eða virðingarmaður fer fram og aftur, þó eigi yfir 2 kr.

Enn hafid þjer álitid, að hreppstjóri eða virðingarmaður ætti aðeins rjett á að fá 1 kr. fyrir ritun gjörðar, er þeir framkvæma skoðunar- eða virðingargjörð á fasteign eða skipti á jörðum eða húsum.

Út af þessu skal yður, herra amtmaður, til vitundar gefid yður til leiðbeiningar, að hinum framangreindu fyrirspurnum ber að minni skoðun að svara þannig, um leið og þess skal getid, að úrlausn þeirra heyrir undir dómstólana:

Um 1. Það er að vísu svo, að úttekt er í rauninni aðeins skoðunar- og virðingargjörð og úttektarmenn því skoðunar- og virðingarmenn, en ákvæði 8. gr. nefndra laga virðast ekki taka tillit til þess eðlis úttektargjörða, heldur skoða hana sem athöfn sjerstaklegs eðlis, og kveða fyrst á um borgun til úttektarmanna alveg útaf fyrir sig, og í öðru lagi um borgun til virðingar- og skoðunarmanna. Ákvæði þessarar lagagreinar virðast þá þessi: að úttektarmönnum beri 2 kr. fyrir hvern dag, er úttektin stendur yfir, en virðingar- og skoðunarmönnum 2 kr. (+ 1 kr. handa þeim, sem gjörðina ritar, ef um fasteign er að ræða), auk ferðakostnaðar eftir 3. gr. Það er í þessu tilliti eigi þýðingarlaust, að borgun fyrir úttekt er ákveðin fyrir hvern dag, en borgunin fyrir skoðunar- og virðingargjörð er jöfn, hvort er gjörðin stendur lengur eða skemur (sbr. einnig lög nr. 33, 13. des. 1895). Það virðist og hafa verið tilgangur stjórnarinnar, sem samdi frumvarpið til nefndra laga, að úttektarmenn skyldu enga aðra borgun hafa fyrir úttekt en þessa 2 kr. dagpeninga, sbr. tilvitnun hennar í ástæðunum fyrir 7. gr. frumvarpsins (Alþ.tíð. 1881, I, bls. 604) til 80. gr. lagafrumvarps þess til landbúnáðarlaga, er lagt var fyrir alþingi 1881 (Alþ.tíð. s. á. I, bls. 256), sbr. og landbúnáðarlagafrumvarp það, er lagt var fyrir alþingi 1883 73. gr. (Alþ.tíð. s. á. I, bls. 22). Umræðurnar á alþingi 1881 um frumvarpið til laga nr. 3 frá 13. jan. 1882 virðast og gjöra ráð fyrir því, að eigi þurfi að borga úttektarmönnum annað eða meira en dagpeninga (2 kr.), meðan á úttektinni stendur.

Að minni skoðun ber úttektarmönnum þannig að eins 2 kr. fyrir hvern dag, er þeir eru við úttektina, er þóknunin talin eftir ákvörðuninni í 15. gr. aukatekjureglugjörðarinnar 10. sept. 1830, og er jeg yður samdóma um að eigi

sje heimilt að reikna með tímann, sem gengur til ferðalags til framkvæmdar gjörðinni.

59
20. júní

Um 2. Skoðunar- og virðingarmönnum bera, eins og þjer hafð tekið fram, auk borgunar fyrir skoðunar- eða virðingargjörð samkvæmt 8. gr. nefndra laga og 6. gr. laga nr. 33, 13. des. 1895, ennfremur milupeningar, 50 a. fyrir hverja milu á landi og hálfu milu á sjó, talið fyrir hvorn um sig frá bústað hans til þess staðar, þar er virðingar- eða skoðunargjörðin fer fram, þó ekki yfir 2 kr. fyrir hvorn, og auk þess 3 kr. hvorum á dag í fæðispeninga, ef þeir þurfa að vera í burtu frá heimilum sínum við virðingar- eða skoðunargjörðina *vegna fjarlægðar* meira en 10 klukkustundir. Milupeningana virðist eiga að telja þannig, sem þjer hafð tekið fram og áður er sagt.

Um 3. Sjá svarið upp á 1. fyrirspurnina.

Um 4. Um ritaragjaldið er jeg yður samdóma, að það verði að eins heimtað, ef um virðing eða skoðun á fasteign er að ræða, en hvorki við úttektir eða við virðing á lausafje.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um lántöku- 60
leyfi handa Sandaprestakalli. Með brjefi, dagsettu 22. þ. m., hafð þjer, 26. júní herra amtmaður, og þjer, herra biskup, sent hingað erindi frá síra Kristni Danielssyni að Söndum, þar sem hann beiðist samþykkis míns til þess að fá þannig lagada breyting á lántökuleyfi því upp á prestakallið — til hlöðubyggingar —, sem veitt var með brjefi mínu 26. jan. þ. á., að lánið megi ávaxtast með 5% í stað þess með 4%, og hafð þjer veitt erindi þessu meðmæli yðar.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir beiðandanum, að jeg hjermeð veiti hið umbeðna samþykki.

Reglugjörð

fyrir Skagafjardarsýslu um fjallskil o. fl.

61
14. júní

Amtmaðurinn yfir Norðuramtinu

GJÖRIR KUNNUGT: Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, að amtsráðið í Norðuramtinu hefir á fundi sínum 5.—11. júní þ. á. staðfest og löggilt eptirfylgjandi

REGLUGJÖRD

fyrir Skagafjardarsýslu um fjallskil o. fl., sem samín er af sýslunefndinni þar, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. sept. 1901.